



Sparnaður - ævileið

Yfirlit 31.08.2017

Um safnið

Kvika banki hf. í samstarfi við Sparnað býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignarsparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Ævileið fjárfestir í innlánnum og ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Leiðin hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Viðmið hlutabréfa í leiðinni eru 70%. Markmið leiðarinnar er að tryggja sjóðsfélögum sínum góða ávöxtun með fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum þar sem fjárfest er með góðri áhættudreifingu.

Markaðspunktur

Efnahagshorfur á Íslandi eru ágætar um þessar mundir. Hagvöxtur mældist 7,2% á árinu 2016 og spáir Seðlabankinn hagvexti uppá 5,2% á árinu 2017. Vöxtur í ferðaþjónustu, fjárfestingum og einkaneyslu hefur drifið hagvöxtinn áfram. Verðbólgan hefur ekki hækkað að ráði undanfarin misseri. Helstu ástæður fyrir hagstæðari viðskiptakjörum eru m.a. lækkun á hrávörum og lág alþjóðleg verðbólga. 12-mánaða verðbólga í júlí 2017 stóð í 1,8%. Á fyrri hluta árs 2017 hefur skuldabréfamarkaður gefið ágæta ávöxtun. Peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði stýrivexti sína í tveimur skrefum á fyrri hluta árs og eru meginvextir bankans 4,50%. Á fyrri hluta árs 2017 hækkaði vísitala 5 ára óverðtrygga ríkisskuldabréfa um 4,1% og vísitala 5 ára verðtrygga skuldabréfa um 3,9%.

Gengi krónunnar styrktist á fyrri hluta ársins og raungengi krónunnar er orðið fremur hátt í sögulegu samhengi. Sveiflur á gengi krónunnar hafa aukist verulega á ný eftir að Seðlabankinn minnkaði inngríp á gjaldeyrismarkaði. Við væntum þess að gengi krónunnar muni gefa eftir á seinni hluta ársins. Framvindan á skuldabréfamarkaði mun ráðast mikið af verðbólguþróun og gengi krónunnar. Verðbólguvæntingar hafa aukist og þar með áhugi á verðtrygguðum skuldabréfum. Verðtrygguð skuldabréf hafa gefið betri ávöxtun á árinu en óverðtrygguð skuldabréf og gerum við ráð fyrir að svo verði áfram út árið.

Hlutabréfamarkaður á fyrri hluta árs 2017 hefur verið blendinn. Frá áramótum til loka júlí hefur hlutabréfávísitalan hækkað um tæp 3%, þar sem Marel, Síminn og Grandi hafa hækkað mest. Hinsvegar hafa hlutabréf í Icelandair og Högum lækkað verulega á árinu eða um rúm 30%. Efnahagsumhverfið er fremur hagstætt fyrir rekstur fyrirtækja um þessar mundir, mikill hagvöxtur, hófleg verðbólga og lægri vextir en áður. Hinsvegar fer kostnaður vaxandi sem þarf að mæta með hagræðingu og miklar gengissveiflur valda fyrirtækjum erfiðleikum. Komandi uppgjör munu ráða miklu um framhaldið á hlutabréfamarkaði. Eftirspurn erlendra aðila á íslenskum hlutabréfum hefur aukist síðustu misseri og má búast við að framhald verði á því. Hinsvegar má búast við áframhaldandi sveiflum í verði hlutabréfa á næstunni sérstaklega í ljósi fleiri fjárfestingakosta sem innlendir fjárfestar standa frami fyrir í kjölfar losunar fjármagnshafta.

Fjárfestingastefna

Tegund verðbréfa	Vikmörk	Núv. eign
Ríkisvísíklar, ríkisskuldabréf og skuldabréf ríkisábyrgð	0-70%	24,6%
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0-20%	16,1%
Önnur skuldabréf	0-20%	12,2%
Hlutabréf og hlutabréfasjóðir	0-70%	47,2%
Samtals		100,0%

Sparnaður - ævileið er blönduð fjárfestingaleið sem fjárfestir í innlánnum, skuldabréfum og hlutabréfum. Leiðin hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Ævileið er hugsaður fyrir þann aldursþóp sem á að jafnaði töluverðan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem þeir einstaklingar geta þolað töluverðar sveiflur í ávöxtun milli ára. Markmið sjóðsins er að eignir hans séu ávaxtaðar með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Um eignasamsetningu gilda lög um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.

VERÐTRYGGINGAR
HLUTALL *)

19%

MEÐALTÍMI
SKULDABRÉFA (ÁR)

3,3

*) Verðtryggingarhlutfall; miðað við eign í skuldabréfum, þ.e. verðtrygguð skuldabréf sem hlutfall af heildarskuldabréfum. Eignir í skuldabréfasjóðum/innlánnum ekki teknar með inni í hlutfallið. Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignarsparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skodast sem fullnægjandi lýsing á þeirri séreignarleið sem fjallað er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Kvika banki hf. er ábyrgðaraðili, vörsluaðili og eignastýringaraðili fyrir séreignarsparnaðarleiðina.

Sparnaður ehf. | Garðatorg 7 | 210 Garðabæ | kt. 570902-2450 | s. 577 2025 | Upplýsingar: sparnadur@sparnadur.is | www.sparnadur.is

Ævileið

hentar þeim sem þola sveiflur í ávöxtun á séreignarsparnaði sínum. Virk stýring í innlánnum, ríkistrygguðum skuldabréfum og hlutabréfum.

Safnið er hugsað fyrir þann aldursþóp sem á að jafnaði töluverðan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem þeir einstaklingar geta þolað töluverðar sveiflur í ávöxtun milli ára.

Séreignarsparnaður er valkostur fyrir þá sem vilja greiða viðbótariðgjöld til að auðvelda fólki að hætta að fyrr að vinna og stuðla að betri fjárhag eftir starfslok.

Nánara niðurbrot

Flokkur	Hlutfall af safni
Innlán	16,1%
Óverðtrygguð ríkisbréf	19,9%
Verðtrygguð ríkisskuldabréf	4,7%
Skuldabréfasjóðir	12,2%
Hlutabréf	47,2%
Samtals	100,0%

Ávöxtun **)

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
1 mán	-2,7%	-2,6%
3 mán	-5,5%	-5,7%
6 mán	0,6%	-0,8%
Frá áramótum	1,5%	0,4%
1 ár	2,1%	0,6%

**) Leiðin var stofnuð í upphafi árs 2016. Ávöxtun til eins árs eða skemmri tíma er sýnd sem ávöxtun á því tímabili.